



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vistlokin

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvað varð um vistlokin sem lofað var að yrðu byggð í tengslum við lagningu 3. áfanga Arnarnesvegar. Áformað er að koma vistlokum yfir hluta vegarins og yrðu þau til bóta, enda augljóst að vegurinn eins og hann er nú teiknaður verður snjókista alls staðar þar sem vistlokin eru ekki. Vegurinn mun að öllum líkindum verða gjörsamlega ófær í vetrarfærð, eins og hefur verið síðustu ár. Teikningar af svokölluðum vistlokum (gróðurbrú yfir veginn) voru birtar á deiliskipulaginu, en er svo hvergi að sjá í útboðslýsingu. Það er öllum ljóst að það er mun meiri kostnaður fólgin í því að bæta vistlokunum við síðar, frekar en að gera þau á sama tíma og vegurinn er lagður. Hafa skipulagsyfirvöld það fast í hendi að þessi vistlok, sem íbúum var lofað í samþykktu deiliskipulagi, verði gerð og þá hvenær er að vænta þeirra?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 6. september sl.

Svar:

Arnarnesvegur er framkvæmdur sem hluti af samgöngusáttmálanum en vistlokin eru ekki hluti af samgöngusáttmálanum. Gerð vistlokanna rúmaðist hvorki innan fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar né Kópavogsbæjar, þar sem vistlokin eru skv. deiliskipulagi, á þessum tímapunkti og því voru þau ekki hluti af útboði 3. áfanga Arnarnesvegar.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri